

Fimmtudaginn 5. mars 1998.

Nr. 132/1997.

Arnar Hannes Gestsson

(Sigurður Georgsson hrl.)

gegn

Valgerði Sigurðardóttur

(Ólafur Axelsson hrl.)

Kaupsamningur. Skuldabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1997 og krefst þess, að viðurkenndur verði með dómi óskertur eignaréttur sinn að þremur veðskuldabréfum, samtals að fjárhæð 2.500.000 krónur, út gefnum 20. febrúar 1993 af Þorbirni Eiríkssyni til stefndu. Bréfin eru óframseld og tryggð með 10. veðrétti í fasteigninni Kvistabergi 25 í Hafnarfirði. Einnig er þess krafist, að stefndu verði gert að framselja áfrýjanda veðskuldabréfin. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi lagði fyrir Hæstarétt ásamt nokkrum öðrum gögnum ljósrit af kauptilboði, sem er eins og kauptilboð sambúðarmanns stefndu, Þorbjörns Eiríkssonar, 1. febrúar 1993, sem fjallað er um í héraðsdómi, að öðru leyti en því, að samkvæmt vélrituðum texta fyrrnefnda tilboðsins er stefnda tilboðsgjafi auk Þorbjörns og nafn stefndu er handskrifað undir nafnritun áfrýjanda, er ritar undir tilboðið sem stjórnarmaður í Ístorgi hf. á sama hátt og í síðarnefnda tilboðinu. Einnig lagði áfrýjandi fram í Hæstarétti endurrit af vitna-skýrslum, sem teknar voru í Héraðsdómi Reykjavíkur 16. desember 1997. Samkvæmt framburði eiganda og framkvæmdastjóra Fyrirtækjasölunnar Suðurveri var tilboðsgjafi í fyrstu Þorbjörn Eiríksson, en að ósk áfrýjanda var nafni stefndu bætt við upprunalegan texta skjalsins, og ritaði hún síðan nafn sitt undir tilboðið ásamt Þorbirni.

II.

Svo sem greint er frá í héraðsdómi, gerði áðurnefndur Þorbjörn Eiríksson áfrýjanda tvisvar tilboð í söluturninn Ístorg, sem hann rak í Hafnarstræti 18 í Reykjavík, ásamt tækjum og áhöldum. Er fyrra tilboðið að fjárhæð 5.300.000 krónur og dagsett 30. janúar 1993. Síðara tilboðið, að fjárhæð 5.800.000 krónur, er dagsett 1. febrúar 1993. Eftir báðum tilboðunum skyldi tilboðsgjafi auk þess kaupa vöru-
birgðir söluturnsins samkvæmt talningu, sem ráðgert var, að færi fram. Áfrýjandi samþykkti samdægurs síðara tilboðið fyrir hönd Ístorgs hf. Ekki var þó ritaður sérstakur kaupsamningur í kjölfar hins samþykktu tilboðs. Hins vegar gerðu stefnda og Þorbjörn Eiríksson tuttugu dögum síðar samning við áfrýjanda fyrir hönd Ístorgs hf. um kaup á söluturninum fyrir 3.200.000 krónur. Málsaðila greinir mjög á um, hver ástæða sé fyrir þessum mismun á kaupverði samkvæmt tilboðinu 1. febrúar og kaupsamningnum 20. sama mánaðar. Er í héraðsdómi lýst nánar ágreiningi aðila.

Sönnunarbyrði um, að kaupverð söluturnsins hafi verið meira en þær 3.200.000 krónur, sem tilgreindar eru í kaupsamningnum 20. febrúar 1993, hvílir á áfrýjanda. Hann ritaði undir samninginn fyrir hönd Ístorgs hf., þrátt fyrir það að hann hafði áður samþykkt tilboð um hærra kaupverð. Ekki skiptir hér máli, hvort Þorbjörn Eiríksson gerði tilboðið einn eða ásamt stefndu. Að þessu gættu er fallist á með vísun til forsendna héraðsdóms, að áfrýjanda hafi ekki tekist að sanna, að kaupverð hafi átt að vera annað en greinir í samningnum 20. febrúar 1993. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað, sem ákveðinn verður í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Arnar Hannes Gestsson, greiði stefndu, Valgerði Sigurðardóttur, samtals 350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. janúar 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 13. desember 1996, er höfðað af Valgerði Sigurðardóttur, kt. 091031-2139, Vogatungu 29 A, Kópavogi, gegn Arnari Hannesi Gestssyni, kt. 070154-3829, Birkihlíð 48, 105 Reykjavík, með stefnu, birtri 15. apríl 1996.

Stefndi höfðaði gagnsök á hendur aðalstefnanda með stefnu, birtri 20. maí 1996, en gagnstefna var lögð fram fyrir dómi 28. maí 1996.

Kröfur í aðalsök.

Kröfur stefnanda í aðalsök eru þær, að viðurkenndur verði með dómi fullur og óskertur eignarréttur hennar að neðangreindum þremur veðskuldabréfum, út gefnum í Reykjavík 20. febrúar 1993, trygðum með 10. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni Kvistabergi 25, Hafnarfirði, þinglýstum af sýslumanninum í Hafnarfirði 28. janúar 1994. Kröfuhafi samkvæmt bréfunum er Valgerður Sigurðardóttir og skuldari Þorbjörn Eiríksson. Lánstími er tíu ár og fjöldi afborgana tíu. Lánin bera meðalvexti Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá 1. júlí 1993 að telja, og skuldin er tryggt miðað við lánskjaravísitölu miðað við grunnvísitölu 3263. Veðskuldabréfin eru eftirgreind:

veðskuldabréf að fjárhæð 1.000.000 kr. með litranúmer B 368/1994,

veðskuldabréf að fjárhæð 1.000.000 kr. með litranúmer B 369/1994,

veðskuldabréf að fjárhæð 500.000 kr. með litranúmer B 370/1994.

Einnig er af hálfu aðalstefnanda gerð sú krafa, að aðalstefndi verði sem vörslumaður umræddra veðskuldabréfa dæmdur til að afhenda aðalstefnanda þau.

Pá er þess krafist, að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða aðalstefnanda málskostnað að mati dómsins auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Af hálfu aðalstefnda eru gerðar þær kröfur, að hann verði sýknaður af þeirri kröfu, að aðalstefnanda verði dæmdur fullur og óskertur eignarréttur að framangreindum veðskuldabréfum.

Einnig er þess krafist, að aðalstefndi verði sýknaður af kröfu aðalstefnanda um að afhenda henni skuldabréfin.

Pá er þess krafist, að aðalstefnandi verði dæmd til að greiða aðalstefnda málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun og dráttarvaxta af henni frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu.

Kröfur í gagnsök.

Af hálfu gagnstefnanda eru gerðar þær kröfur í gagnsök, að viðurkenndur verði með dómi óskertur og fullur eignarréttur gagnstefnanda að sömu

veðskuldabréfum og hér að framan er lýst. Einnig er gerð sú krafa, að gagnstefndu verði gert að rita framsal sitt á ofangreind veðskuldabréf til gagnstefnanda. Loks er þess krafist, að gagnstefnda verði dæmd til að greiða gagnstefnanda málskostnað að mati réttarins, þ. m. t. virðisauka-skattur á málflutningsþóknun, auk dráttarvaxta og vaxtavaxta af máls-kostnaði 15 dögum frá dómsuppsögudegi.

Af hálfu gagnstefndu eru gerðar þær kröfur í gagnsök, að hún verði sýknuð af öllum kröfum gagnstefnanda og gagnstefnanda gert að greiða henni málskostnað að skaðlausu að mati dómsins að viðbættum virðisauka-skatti á málflutningsþóknun.

Í greinargerð gagnstefndu í gagnsök kemur fram krafa um, að gagnstefnanda og lögmanni hans verði gert að greiða réttarfarssæktir á grundvelli e- og f-liðar 1. mgr. 135. gr., sbr. 1. mgr. 134. gr. og 2. mgr. 135. gr. laga um meðferð einkamála, en sú krafa var dregin til baka í þinghaldi 26. september sl.

Málavextir og ágreiningsefni.

Með kaupsamningi, dags. 20. febrúar 1993, keyptu aðalstefnandi og sambýlishmaður hennar, Þorbjörn Eiríksson, söluturninn Ístorg, Hafnarstræti 18, en seljandi var Ístorg hf. Samkvæmt samningnum var kaupverðið 3.200.000 krónur, og var það greitt með peningum og víxlum, samtals 700.000 krónum, og þremur veðskuldabréfum, samtals 2.500.000 krónum. Kaupsamningurinn var gerður hjá Fyrirtækjasölunni Suðurveri. Samtímis voru einnig gefin út önnur þrjú veðskuldabréf, sem lýst er í kröfugerð aðalstefnanda hér að framan, en málsaðilar deila um eignarrétt þeirra.

Í málinu hefur komið fram, að aðalstefndi fékk hin umdeildu veðskuldabréf í hendur hjá Fyrirtækjasölunni Suðurveri og lét þinglýsa þeim hjá sýslumanninum í Hafnarfirði. Deilt er um það í málinu, hvers vegna aðalstefndi fékk þau í hendur og hvenær. Af hans hálfu er því haldið fram, að kaupverðið hafi einnig verið greitt með þeim og að hann hafi fengið þau afhent, þegar kaupsamningurinn var gerður. Af hálfu aðalstefnanda er því hins vegar haldið fram, að aðalstefndi hafi fengið umrædd veðskuldabréf í hendur fyrir mistök starfsmanna fyrirtækjasölnnar. Því er einnig haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að aðalstefndi eigi ekkert tilkall til þessara veðskuldabréfa, en skilyrði hafi ekki verið til, að hún fengi þau afhent eða framseld.

Helstu málsástæður aðila og réttarheimildir, sem þau byggja á.

Aðalstefnandi lýsir málavöxtum svo, að veðskuldabréfin þrjú, sem málsaðilar deila um, megi rekja til samnings, sem aðalstefnandi og sambýlishmaður hennar, Þorbjörn Eiríksson, skuldari samkvæmt bréfunum, hafi gert

við Ístorg hf. 20. febrúar 1993 um kaup á söluturninum í Hafnarstræti 18, Reykjavík. Við kaupin hafi aðalstefndi komið fram sem forsvarsmaður Ístorgs hf. Kaupverðið hafi verið ákveðið 3.200.000 krónur samkvæmt kaupsamningi milli aðila auk sérstakrar greiðslu fyrir vörubirgðir. Það hafi verið greitt með þremur fasteignartrygðum skuldabréfum til tíu ára með veði í þáverandi fasteign aðalstefnanda og Þorbjörns, Kvistabergi 25, Hafnarfirði, alls að fjárhæð 2.500.000 krónur. Kaupendunum hafi auk þess borið að greiða 200.000 krónur við undirskrift kaupsamnings og 200.000 krónur með vixli með gjalddaga 15. apríl 1993 og afganginn, 300.000 krónur, með vixli með gjalddaga 15. júní 1993. Allar þessar greiðslur hafi gengið eftir af hálfu aðalstefnanda og Þorbjörns, eins og um hafi verið samið.

Samkvæmt söluyfirliti Fyrirtækjasöluinnar Suðurveri, dags. 8. janúar 1993, hafi mánaðarvelta söluturns Ístorgs hf. numið 2.500.000–2.600.000 krónum og verðhugmyndir verið samkvæmt sömu heimild 6.500.000 krónur. Aðalstefnandi og Þorbjörn hafi dregið í efa, að sölutölur þessar væru réttar. Kaupverðið hafi því verið ákveðið 3.200.000 krónur, en jafnframt hafi verið ákveðið, að Þorbjörn gæfi út þrjú veðskuldabréf, nokkurs konar tryggingarbréf, þar sem aðalstefnandi væri skráður kröfuhafi, og skyldu bréfin og tryggingarvixill vegna vörulagers, að fjárhæð 800.000 krónur, afhent fyrrnefndri fyrirtækjasölu til geymslu, þar til í ljós væri leitt, hvort forsendur væru til þess, að Ístorg hf. fengi bréfin framseld eða ný bréf í þeirra stað. Tilætlun aðila hafi nánar verið sú, að ef upplýsingar um mánaðarveltu söluturnsins reyndust réttar, skyldi gerður viðauki við kaupsamning aðila um hækkun kaupverðsins sem næmi andvirði hinna umdeildu veðskuldabréfa, þ. e. 2.500.000 krónur, en aðalstefnandi og Þorbjörn skyldu að þessum forsendum fullnægðum greiða mismuninn með umræddum veðskuldabréfum. Aðalstefnandi hafi verið skráð kröfuhafi bréfanna, og skyldi hún þá framselja þau Ístorgi hf. eða gefa út ný bréf í þeirra stað. Aldrei hafi hins vegar verið um það rætt, að bréfin skyldu framseld aðalstefnda persónulega.

Aðalstefnandi og Þorbjörn hafi tekið við rekstri söluturnsins 20. febrúar 1993. Fljótlega hafi komið í ljós, að þær sölutölur, sem aðalstefndi gaf upp, hafi verið fjarri því að vera raunhæfar. Þetta hafi leitt til þess, að Þorbjörn hafi haft samband við embætti ríkisskattstjóra í því skyni að afla sér upplýsinga um skattskylda veltu söluturnsins árið 1992 og fyrsta tímabil ársins 1993. Hafi hann þar fengið staðfestan grun sinn, að meðaltalsmánaðarvelta hefði ekki numið þeim fjárhæðum, sem aðalstefndi hefði gefið upp, heldur hefði hún numið 900.000 til 1.250.000 krónum, þegar best hafi látið. Þar með hafi aðalstefnanda og Þorbirni endanlega orðið ljóst, að engar for-

sendur væru fyrir því, að Ístorg hf. fengi umrædd veðskuldabréf framseld eða ný bréf í þeirra stað. Með óútskýrðum hætti hafi það hins vegar gerst, að aðalstefndi hafi fengið veðskuldabréfin þrjú afhent hjá Fyrirtækjasölunni Suðurverri. Hafi hann lagt bréfin inn til sýslumannsins í Hafnarfirði til þinglýsingar 6. apríl 1993 fyrir milligöngu Svavars Þórs Sverrissonar. Aðalstefnanda hafi borist fregnir af þessu í byrjun árs 1994 og hún þá krafist þess af sýslumanni að fá bréfin afhent sem skráður kröfuhafi þeirra. Hafi hún fengið þau 6. janúar það ár. Nokkru síðar hafi hún fengið boð frá sýslumannsembættinu, þar sem þess hafi verið krafist, að hún léti bréfin af hendi að nýju við embættið. Hafi hún afhent þau í lok janúar 1994. Hún hafi þó áfram gert kröfu um að fá bréfin afhent, en aðalstefndi krafist þess, að bréfunum yrði þinglýst og síðan afhent sér. Þinglýsingarstjóri hafi ákveðið, að bréfin yrðu ekki afhent, fyrr en aðilar hefðu komist að samkomulagi um það, hvor þeirra ætti að fá bréfin afhent, eða leyst ágreiningsmálið með öðrum lögmatum hætti. Aðalstefnandi hafi ekki sætt sig við þessa ákvörðun þinglýsingarstjórans, enda hafi hún verið í senn skráður eigandi veðskuldabréfanna samkvæmt efni þeirra sjálfra og raunverulegur eigandi þeirra, þar sem forsendur fyrir því, að þau yrðu framseld Ístorgi hf., hefðu ekki gengið eftir. Aðalstefnandi hafi borið ákvörðun þinglýsingarstjórans undir Héraðsdóm Reykjaness, sem kvað upp úrskurð 29. apríl 1994, þar sem ákvörðun þinglýsingarstjórans var felld úr gildi og lagt fyrir hann að afhenda aðalstefnanda hin umdeildu veðskuldabréf.

Nú hefðu aðalstefnandi og sambýlismaður hennar selt bæði söluturninn og hina veðsettu fasteign Kvistaberg 25. Samkvæmt kaupsamningi um fasteignina hafi þeim borið að aflétta umræddum veðskuldum af eigninni fyrir 10. júní 1996. Aðalstefndi hafi veðskuldabréfin hins vegar undir höndum og neiti að afhenda aðalstefnanda þau eða aflétta þeim af fasteigninni. Aðalstefnanda sé í ljósi þessa nauðsynlegt að fá dóm um eignarréttindi sín yfir umræddum veðskuldabréfum svo og um skyldu aðalstefnda til að afhenda henni þau.

Aðalstefnandi styður mál sitt aðallega ólögfestum reglum kröfuréttarins um viðskiptabréf. Af hennar hálfu er því haldið fram, að veðskuldabréfin séu nafnbref, aðalstefnandi sé skráð kröfuhafi samkvæmt þeim og þau beri það ekki með sér, að þau hafi verið framseld aðalstefnda né nokkrum öðrum aðila. Aðalstefnandi reisir mál sitt á því, að þegar af þeirri ástæðu beri að hafna öllum mótbárum aðalstefnda þess efnis, að hann sé eigandi umræddra veðskuldabréfa. Ætluð réttindi hans hafi ekki verið skráð á bréfin, og breyti handhöfn bréfanna eða þinglýsing þeirra engu í þeim efnum.

Verði ekki fallist á ofangreind rök aðalstefnanda, er því haldið fram af

hennar hálfu, að sú staðreynd, að hún sé kröfuhafi samkvæmt efni veðskuldabréfanna, geri það að verkum, að fram séu komnar löglíkur fyrir því, að hún sé jafnframt raunverulegur eigandi bréfanna, enda sé um nafnbréf að ræða. Aðalstefndi eigi að bera sönnunarbyrðina, haldi hann hinu gagnstaða fram. Takist honum ekki að sanna með ótvíræðum hætti, að hann hafi eignast hin umdeildu veðskuldabréf með lögformlegum hætti, eigi hann að bera hallann af því, en óupplýst sé, hvernig aðalstefndi hafi komist yfir veðskuldabréfin.

Þá rökstyður aðalstefnandi mál sitt því, að engar forsendur hafi nokkru sinni verið fyrir því, að aðalstefndi fengi bréfin afhent, hvað þá, að hann fengi þau framseld eða ný bréf út gefin, því að sölutölur þær, sem hann hafi gefið upp, hafi ekki reynst réttar. Þar að auki hafi aldrei verið ætlunin, að aðalstefndi yrði eigandi bréfanna, því að þau hafi átt að framselja eða endurútgefa til lögaðilans Ístorgs hf. að fullnægðum tilteknum skilyrðum, en ekkert samningssamband sé eða hafi verið með aðilum þessa máls. Aðalstefndi geti ekki reist tilkall sitt til veðskuldabréfanna á kaupsamningi aðalstefnanda og Þorbjörns við Ístorg hf. Bréfin beri það auk þess ekki með sér, að Ístorg hf. eða forráðamenn þess félags séu bærir til að ráðstafa þeim til þriðja manns. Aðalstefnda sé ógerlegt með öllu að nýta sér veðskuldabréfin, því að skuldaranum, Þorbirni, beri samkvæmt skilríkisreglu viðskiptabréfareglna að greiða skráðum kröfuhafa bréfanna, þ. e. aðalstefnanda, skuld sína og engum öðrum, beri honum að greiða einhverjum. Aðalstefnandi sé í því tilviki réttur viðtakandi greiðslu samkvæmt skuldabréfunum, en ekki aðalstefndi eða Ístorg hf. Samkvæmt skilríkisreglunni myndi Þorbjörn ekki losna undan ætlaðri greiðsluskyldu sinni samkvæmt bréfunum með greiðslu til annars en aðalstefnanda.

Af hálfu aðalstefnanda er því einnig haldið fram, að úrskurður Héraðsdóms Reykjaness frá 29. apríl 1994 sé engin sönnun fyrir því, að umrædd veðskuldabréf séu eign aðalstefnda, enda hafi dómurinn ekki tekið efnislega afstöðu til ágreinings milli málsaðila um eignarrétt að nefndum bréfum eða viðskipta aðila að öðru leyti, og er í því sambandi vísað til forsendna úrskurðarins. Aðalstefnandi hafi haft í höndum kvittanir fyrir því, að bréfin voru lögð inn til þinglýsingar og tilskilin gjöld greidd, og á því hafi niðurstaða dómsins verið reist. Hún hafi hins vegar ekkert gildi varðandi ágreining málsaðila um eignarhald að veðskuldabréfunum.

Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður aðalstefnandi III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, kröfur um málskostnað við ákvæði laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 129. og 130. gr. þeirra laga, og kröfur um virðisaukaskatt á málskostnað við lög nr. 50/1988,

en aðalstefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyld, og beri henni því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi aðalstefnda.

Af hálfu aðalstefnda er því haldið fram, að söluyfirlit Fyrirtækjasölnunnar Suðurverri sýni ekki réttar veltutölur söluturnsins Ístorgs hf., en söluyfirlitið hafi verið gert af eiganda fyrirtækjasölnunnar, Reyni Þorgrímssyni, en ekki aðalstefnda. Þessar tölur hafi verið frá Reyni komnar og þeim verið stillt þannig upp á söluyfirlitsblaðið í þeim tilgangi að reksturinn yrði seljanlegri. Aðalstefndi hafi hins vegar staðið í þeirri trú, að þessar tölur ættu að segja til um meðaltalsveltu á hverju virðisaukaskattsstímabili, sem hafi verið tveir mánuðir. Reynir hafi brýnt fyrir Þorbirni að kynna sér vel bókhald og söluuppgjör Ístorgs hf. til þess að átta sig betur á veltunni, því að söluyfirlit væri óstaðfest. Því er haldið fram af hálfu aðalstefnda, að söluyfirlitið sýni gróflaga áætlaðar tölur, ýmist of lágar eða of háar, og bendir hann í því sambandi á mat á birgðum, sem hafi verið of lágt. Aðalstefndi beri ekki ábyrgð á því, að fyrirtækjasalinn fari rétt með tölur á söluyfirlitinu. Fullyrðingu aðalstefnanda um, að sölutölur hafi verið fjarri því að vera raunhæfar, er af hálfu aðalstefnda mótmælt. Aðalstefnandi styðji mál sitt við yfirlit frá ríkisskattstjóra, en af hálfu aðalstefnda er bent á, að aðalstefnanda og maka hennar hafi verið sýnd skjöl frá sama embætti, sem hafi verið sérstaklega útveguð í þeim tilgangi að fræða þau um hinar réttu veltutölur Ístorgs hf. Þessar útskriftir væru frá 29. janúar 1993, rétt fyrir þann tíma, er fyrsta tilboð Þorbjörns hafi verið gert. Þorbirni hafi einnig verið afhent sérstök mánaðaryfirlit til skoðunar ásamt kassauppgjörum í stórum pappakassa frá 1991 og 1992. Samkvæmt útprentuninni hafi meðalsala árið 1991 verið 1.469.276 krónur hvern mánuð með virðisaukaskatti, en mánaðarlegar tekjur vegna Rauðakrosskassa að jafnaði 87.000 krónur og heildartekjur hvern mánuð því að jafnaði 1.556.276 krónur. Skattskyld velta hjá aðalstefnanda og maka hennar árið 1994 hafi verið samtals 8.798.215 krónur, en skattskyld velta ársins 1992 hjá aðalstefnda samtals 12.538.892 krónur. Hér væri því mismunur 3.740.677 krónur, og sjáist glögg, að veltan hafi hrapað hjá aðalstefnanda og Þorbirni, frá því að aðalstefndi stundaði verslun á sama stað og þrátt fyrir eins árs aðlögunartíma til að ná upp veltunni.

Af hálfu aðalstefnda er því mótmælt, að hin umdeildu veðskuldabréf séu nokkurs konar tryggingarbréf. Veðskuldabréfin hafi verið endanleg greiðsla vegna kaupa aðalstefnanda og Þorbjörns Eiríkssonar á sælgætisversluninni Ístorgi, enda hafi ekkert verið á þau ritað, sem gefi í skyn, að um tryggingarbréf væri að tefla. Þeirri staðhæfingu, að veðskuldabréfin og tryggingarvixill ættu að vera í geymslu fyrirtækjasölnunnar, þar til sýnt væri, að Ístorg hf. ætti að fá bréfin framseld eða ný bréf, er mótmælt sem tilhæfulausri ágiskun.

Þá er þeim skilningi aðalstefnanda, að gera hafi átt kaupsamningsvið-
auka vegna mánaðarveltu söluturnsins, eindregið mótmælt. Þessi hugmynd
sé ekki raunhæf og eigi sér engin fordæmi í kaupsamningum um atvinnu-
rekstur. Kaupendur, þ. e. aðalstefnandi og Þorbjörn, hefðu getað haft það í
hendi sér að „keyra“ reksturinn niður til að minnka mánaðarveltuna þann-
ig, að hún hefði farið langt niður fyrir mánaðarveltutölu á söluþfirlitinu.
Síðan hefðu þau getað aukið veltuna aftur, þegar í ljós væri leitt, að ekki
væru skilyrði til að framselja skuldabréfin. Þeirri hugmynd aðalstefnanda
að ætla að framselja veðskuldabréfin Ístorgi hf. eða gefa út ný bréf í þeirra
stað, er mótmælt sem fráleitri og rangri. Þegar litið væri til þess, að ekki
hefði átt að gefa nema hluta af kaupverði upp til skatts, sé framangeind
staðhæfing aðalstefnanda fjarstæða. Um slíka hugmynd hefði mátt gera
fyrirvara í samningi milli aðila, en það hafi ekki verið gert, hvorki í kaup-
samningi né á veðskuldabréfunum.

Þeirri fullyrðingu aðalstefnanda er mótmælt af hálfu aðalstefnda, að
aldrei hafi verið ætlunin, að aðalstefndi yrði eigandi bréfanna, þar sem þau
hafi átt að framselja eða endurútgefa til Ístorgs hf. Þegar litið væri til þess,
sem haldið er fram af hálfu aðalstefnda, að ekki átti að gefa upp nema
hluta viðskiptanna til skatts, væri eðlilegt, að aðalstefndi yrði eigandi veð-
skuldabréfanna. Það sé þó rétt, að samkvæmt kaupsamningnum væri ekki
beint réttarsamband á milli málsaðila þessa máls, en í ljósi þess, að ekki
hafi átt að vera mögulegt fyrir opinbera aðila að rekja viðskiptin til Ístorgs
hf., sé eðlilegt, að aðalstefndi komi að þessu leyti í stað hlutafélagsins. Þess
vegna hafi nafni Ístorgs hf. verið haldið utan við veðskuldabréfin, og þess
vegna hafi annar aðili en aðalstefndi farið með þau í þinglýsingu. Því er
þannig mótmælt af hálfu aðalstefnda, að hann geti ekki byggt tilkall sitt til
veðskuldabréfanna á kaupsamningi aðalstefnanda og Þorbjörns við Ístorg
hf., þar sem samkomulag hafi verið milli málsaðila um að leyna skattyfir-
völd hinu rétta kaupverði.

Af hálfu aðalstefnda er því haldið fram, að með réttu hefði aðalstefnandi
átt að framselja bréfin, en misskilningur og kunnáttuleysi firmasalans ráðið
því, að það var ekki gert. Málsaðilar hafi skilið það svo, að ekki væri unnt
að framselja veðskuldabréf, fyrr en þau kæmu úr þinglýsingu. Þessi dráttur
hafi síðan veitt aðalstefnanda þá aðstöðu að geta krafist aðalstefnda um af-
slátt af kaupverði, sem hann hafi á tímabili verið tilbúinn að veita, vegna
þess að aðalstefnanda og Þorbirni hafi gengið illa með reksturinn, enda þau
öldruð og óvön þeirri hörðu samkeppni, sem tíðkist í þessari tegund versl-
unar. Hins vegar hafi samningaviðræður farið út um þúfur, þegar aðalstefn-
andi og Þorbjörn hafi gengið á lagið og krafist enn meiri afsláttar af aðal-
stefnda en hann hafi verið tilbúinn að veita.

Því er mótmælt af hálfu aðalstefnda, að aðalstefnandi sé hinn rétti viðtakandi greiðslna samkvæmt veðskuldabréfunum. Er því haldið fram af hans hálfu, að hann sé réttur eigandi bréfanna, og eru færð fyrir því þau rök, að sölulaun fyrirtækjasölnunnar bendi til þess kaupverðs, sem aðalstefndi heldur fram, að samið hafi verið um, en ekki kaupverðsins, sem fram komi í kaupsamningnum. Einnig er vísað til þess, að aðalstefndi hafi vörslur bréfanna. Aðalstefnandi hafi ekki kært meðferð aðalstefnda á veðskuldabréfunum. Hún hafi hins vegar svikið það loforð að árita framsal sitt á þau.

Þá er því mótmælt, að úrskurður Héraðsdóms Reykjaness hafi ekki gildi hér. Af hálfu aðalstefnda er á því byggt, að dómurinn staðfesti réttilega, að aðalstefndi sé réttur eigandi veðskuldabréfanna, þar sem hann hafi haft frumrit þinglýsingarkvittana í höndum. Það hljóti að vega þungt, að aðalstefndi hafi allan tímann verið handhafi bréfanna og þinglýsingarkvittana, og því verði að draga þá ályktun, að mestar löglíkur séu fyrir því, að hann sé eigandi bréfanna.

Í gagnsök er af hálfu gagnstefnanda vísað til þess, að 30. janúar 1993 hafi Þorbjörn Eiríksson, eiginmaður gagnstefndu, gert tilboð í söluturninn, sem hér um ræðir. Kauptilboðið hafi hljóðað upp á 5.300.000 krónur. Samkvæmt tilboði þessu hafi átt að gefa út fasteignartryggð veðskuldabréf í Kvistabergi 25, Hafnarfirði, til tíu ára með tíu greiðslum, eina á hverju ári, með lánskjaravísitölu og hæstu leyfilegum meðaltalsvöxtum Seðlabanka Íslands hverju sinni. Samtals hafi átt að gefa út skuldabréf að fjárhæð 5.000.000 krónur. Á þetta tilboð hafi ekki verið fallist, en gagnstefnandi gert Þorbirni gagntilboð um að hækka kaupverð í 5.900.000 krónur. Hinn 1. febrúar 1993 hafi Þorbjörn gert þriðja kauptilboðið, að fjárhæð 5.800.000 krónur, með sömu skilmálum og áður. Hinn 20. febrúar 1993 hafi verið skrifað undir kaupsamning, þar sem fjárhæðin hafi verið 3.200.000 krónur. Þar hafi því verið mismunur upp á samtals 2.600.000 krónur, án nokkurra skýringa í kaupsamningi. Skýringin sé hins vegar sú, að svo hefði talast um milli aðila, að ekki ætti að gefa upp til skatts nema 3.200.000 krónur en mismuninn, 2.500.000 krónur, skyldi greiða með þeim veðskuldabréfum, sem deilt er um í máli þessu. Reyni Þórgímssyni, eiganda Fyrirtækjasölnunnar Suðurveru, hafi verið greiddar 285.000 krónur í sölupóknun fyrir sölna, en það væri í samræmi við þá 5 prósent sölulaunareglu, sem gilti almennt um sölu á fyrirtækjum í atvinnurekstri. Söluprósentan sé því í samræmi við það, að söluverð firmans hafi verið 5.700.000 krónur.

Síðari hluta janúar og fyrri hluta febrúarmánaðar 1993 hafi eiginmaður gagnstefndu, Þorbjörn, verið tíður gestur í söluturninum til að fylgjast með

vöruinnkaupum, og hafi hann sótt gögn og fræðslu um bókhaldið. Gert hafi verið mánaðaryfirlit fyrir árin 1991 og 1992, og hafi gagnstefnandi afhent Þorbirni gögn þessi, til þess að hann gæti áttað sig á veltu firmans, og er í því sambandi vísað til þess framburðar fyrrum starfsmanna söluturnsins, að Þorbirni hafi verið afhent bókhaldsgögn í versluninni og þau verið þar geymd.

Veðskuldabréfin sex hafi gagnstefnda og Þorbjörn gefið út 20. febrúar 1993. Sama dag hafi þau beðið um veðleyfi og uppáskrift þinglýsts eiganda Kvistabergs 25 fyrir 5.000.000 krónum, en veðleyfi hafi verið veitt fyrir þremur þeirra. Þegar þeim hafi orðið ljóst, að frekari veðleyfi fengjust ekki, hafi þau ráðlagt gagnstefnanda að leggja veðskuldabréfin inn til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Hafnarfirði, þar sem ekki þyrfti veðleyfi, eftir að þau fengju afsal fyrir fasteigninni. Hinn 6. janúar 1994 hafi gagnstefnda farið í sýsluskrifstofuna og krafist veðskuldabréfanna þriggja. Hinn 26. janúar sama ár hafi gagnstefnandi komið þangað með frumrit þinglýsingarkvittana og krafist þessara sömu veðskuldabréfa, en þá hafi verið nýbúið að þinglýsa afsali til gagnstefndu og eiginmanns hennar, 24. janúar. Þá hafi þinglýsingarstjóri áttað sig á því, að hann hafði verið fenginn til að vísa þessum skjölum frá á röngum forsendum og endurgreiða röngum aðila stimpilgjöldin. Veðskuldabréfin hafi síðan verið afhent á grundvelli úrskurðar Héraðsdóms Reykjaness, sem kveðinn hafi verið upp 29. apríl 1994, en þá hafi legið fyrir yfirlýsing Reynis Þorgrímssonar um, að veðskuldabréfin væru eign gagnstefnanda máls þessa.

Gagnstefnandi styður mál sitt þeim reglum samninga- og kröfuréttarins, að hann sé eigandi umræddra bréfa, enda skýri viðskiptin, sem á bak við þau liggi, eðlilega vörslur sínar á bréfunum. Samþykkt kauptilboð Þorbjörns Eiríkssonar geri það að verkum, að kominn hafi verið á löglegur og bindandi samningur. Það, að einungis hafi staðið til að gefa upp hluta söluverðs til skatts, breyti engu um eignarhald gagnstefnanda á bréfunum. Gagnstefnda og Þorbjörn hafi skrifað undir veðskuldabréfin sex af fúsum og frjálsum vilja. Þrjú bréfanna, að fjárhæð 2.500.000 krónur, þar sem Ístorg hf. sé kröfuhafi, væru í rökréttu samhengi við kaupsamninginn. Hin þrjú, þar sem gagnstefnda væri kröfuhafi, væru einnig í rökrænu samhengi við samkomulag gagnstefnanda, gagnstefndu og Þorbjörns, en ekki hafi verið hægt að tengja Ístorg við veðskuldabréfin, þar sem þau hafi ekki átt að gefa upp til skatts, og þess vegna væri ekki getið um þau í kaupsamningnum.

Þeirri fullyrðingu gagnstefndu, að gagnstefnandi sé ekki eigandi bréfanna, hafi fyrst verið hreyft í febrúar 1994, þegar gagnstefnandi hafi verið

nýbúinn að senda Þorbirni innheimtubréf. Gagnstefnda og Þorbjörn hafi þá gert sér grein fyrir því, að þau gætu ekki staðið við og efnt kaupsamninginn, og hafi þau þá farið að leita úrræða til að losa sig undan skyldu sinni. Fram að þeim tíma hefði gagnstefnandi haft öll bréfin athugasemdalaust í vörslum sínum, enda hefðu þau verið greiðsla til gagnstefnanda vegna framangreindra viðskipta. Ástæðan til þess, að framsal vantaði á bréfin, hafi verið sú, að firmasaliinn hafi talið, að ekki væri hægt að framselja þau, fyrr en þau kæmu úr þinglýsingu, en það væri regla, sem fylgt væri hjá verðbréfafyrirtækjum hér á landi. Þegar dregist hafi að fá bréfunum þinglýst, hafi ekkert orðið úr framsali.

Gagnstefnandi heldur því fram, að með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness frá 29. apríl 1994 hafi hann réttilega verið dæmdur vörslumaður og eigandi hinna umdeildu veðskuldabréfa. Með hliðsjón af málavöxtum og málsástæðum væru allar löglíkur fyrir því, að gagnstefnandi væri réttur eigandi bréfanna, enda hafi hann greitt fyrir þinglýsingu þeirra og allan tímann haft frumrit kvittana undir höndum. Vörslur sínar sem eiganda hafi ekki verið vefengdar fyrr en tæpu ári eftir viðskiptin. Eignarhald sitt á bréfunum hafi aldrei verið kært til Rannsóknarlögreglu ríkisins, enda hafi gagnstefnda bersýnilega ekki verið í svo góðri trú, að hún gæti borið fram kæru á hendur gagnstefnanda.

Gagnstefnandi styður mál sitt hinum almennu reglum eigna- og kröfuréttar. Gagnstefnda hafi hingað til neitað að framselja veðskuldabréfin með áritun sinni á þau þrátt fyrir vitneskju sína um lögmætan eignarrétt gagnstefnanda á bréfunum. Hún hafi á ólögmætan hátt reynt að sækja bréfin til sýslumannsins í Hafnarfirði, en allan tímann frá upphafi vitað um betri rétt gagnstefnanda.

Kröfur um málskostnað styður gagnstefnandi 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað styður gagnstefnandi lögum nr. 50/1988, en gagnstefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir þessum skatti úr hendi gagnstefndu.

Kröfur gagnstefndu í gagnsök eru studdar sömu rökum og hér að framan hafa komið fram í málatilbúnaði hennar í aðalsök, en þær eru einnig studdar eftirfarandi rökum:

Staðhæfingum gagnstefnanda, sem ekki samrýmast málavaxtalýsingu eða málatilbúnaði gagnstefndu, er mótmælt sem röngum af hálfu gagnstefndu. Þá er því jafnframt haldið fram af hennar hálfu, að sönnunarbyrði um staðhæfingar þessar eigi að fella á gagnstefnanda.

Gagnstefnandi geti ekki talist rétthafi þeirra réttinda, sem hann krefji gagnstefndu um í gagnsök í máli þessu, þar sem hann geti ekki með vísan til þess, sem fram hefur komið í málinu, talist réttmætur eigandi veðskulda-bréfanna, sem hér er deilt um.

Gagnstefnda mótmælir sérstaklega þeirri málsástæðu gagnstefnanda, að viðskiptin að baki veðskuldabréfunum skýri vörslur hans á þeim. Ekki verði betur séð en hann styðji tilkall sitt til umræddra veðskuldabréfa eingöngu þeim kaupsamningi, sem gerður hafi verið 20. febrúar 1993. Gagnstefnandi hafi þó enga persónulega aðild átt að þeim samningi, heldur Ístorg hf. annars vegar og gagnstefnda og Þorbjörn hins vegar. Gagnstefnandi hafi hins vegar komið fram við kaupin sem fyrirsvarsmaður hlutafélagsins Ístorgs hf. Gagnstefnandi geti þó aldrei talist réttmætur handhafi þeirra veðskuldabréfa, sem hér sé deilt um. Hinn rétti eigandi þeirra geti ekki verið annar en lögaðilinn Ístorg hf. eða sá, sem leiði rétt sinn frá því félagi, komi til þess, að byggt verði að öðru leyti á málavaxtalýsingu gagnstefnanda við úrlausn málsins. Gagnstefnandi hafi ekki með nokkru móti reynt að sýna fram á, að hann geti með lögmætum hætti reist tilkall sitt til umræddra veðskuldabréfa á fyrri rétti lögaðilans Ístorgs hf. Því sé um aðildarskort að ræða sóknar megin, og beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna gagnstefndu af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Gagnstefnda mótmælir sérstaklega öllum dylgjum gagnstefnanda um vitneskju eða hugsanlega hlutdeild sína og sambýlismanns síns í ætludum refsiverðum brotum gagnstefnanda, sem hann upplýsir um í gagnstefnu. Auk þess er því mótmælt sem fjarstæðu, að sú hugsun hafi legið að baki tilhöguninni um kaupin á söluturninum að gera lögaðilanum Ístorgi hf., eftir atvikum gagnstefnanda, það kleift að komast hjá því að greiða lögmæta skatta af söluverði söluturnsins.

Gagnstefnda mótmælir einnig fullyrðingum gagnstefnanda um, að þau sambýlismaður sinn hafi strax tekið þá stefnu að vanefna kaupsamninginn frá 20. febrúar 1993. Hið rétta sé hins vegar, að fljótlega eftir að gagnstefnda og Þorbjörn tóku við rekstri söluturnsins, hafi komið í ljós, að þær sölutölur, sem gagnstefnandi gaf upp, hafi reynst fjarri því að vera sannar, en auk þess hafi ýmsar fleiri yfirlýsingar gagnstefnanda ekki reynst sannleikanum samkvæmar. Gagnstefnda og Þorbjörn hafi íhugað um tíma að rifta kaupsamningi aðila vegna þessa, en þeim hafi verið ráðið frá því af þáverandi lögmanni sínum, sem hafi fremur mælt til þess, að reynt yrði til þrautar að ná samkomulagi við Ístorg hf. um þau atriði, sem ágreiningur hafi verið um.

Gagnstefnda mótmælir því harðlega, að þau samþýlismaður sinn hafi átt aðild að því að gera Reyni Þorgrímssyni, eiganda Fyrirtækjasölunnar Suðurveru, kleift að halda leyndri fyrir skattyfirvöldum söluþóknun fyrirtækjasölunnar vegna sölu Ístorgs. Gagnstefnda hafi enga vitneskju haft um ætlað lögbrot gagnstefnanda og fyrirtækjasalans og þess vegna enga aðild átt að þeim.

Gagnstefnda mótmælir því einnig harðlega, að þau Þorbjörn hafi ráðlagt gagnstefnanda að leggja veðskuldabréfin, sem deilt er um, inn til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Hafnarfirði. Hún mótmælir því sérstaklega, að hún hafi nokkru sinni beðið sýslumann um endurgreiðslu þinglýsingargjalda vegna veðskuldabréfanna. Hún hafi aðeins gert þá kröfu að fá veðskuldabréfin afhent, enda hafi þau verið og væru enn hennar eign, en ekki gagnstefnanda, sem hafi komist yfir bréfin með saknæmum og ólögumætum hætti. Yfirlýsingu Reynis Þorgrímssonar fyrirtækjasala um eignarhald gagnstefnanda á veðskuldabréfum í vörslum sýslumannsins í Hafnarfirði hafi ekki verið rétt, enda hafi hann staðfest, að hann hafi talið, er hann gaf yfirlýsinguna, að um væri að ræða þau veðskuldabréf, sem tilgreind eru í kaupsamningnum.

Þá mótmælir gagnstefnda því, að samþykki samþýlismanns hennar á gagntilboði Ístorgs hf. frá 1. febrúar 1993 teljist bindandi fyrir sig, enda hafi hún ekki átt aðild að upphaflega kauptilboðinu, og gagntilboðinu hafi ekki verið beint að sér. Forsendur séu auk þess brostnar fyrir samþykki samþýlismanns síns á gagntilboðinu, enda hafi síðar verið gerður kaupsamningur um kaupin á söluturninum.

Af hálfu gagnstefndu er því haldið fram, að hún hafi fyrst fengið vitneskju um, að gagnstefnandi hefði umrædd veðskuldabréf í höndum, í janúar 1994, er bréfin höfðu verið lögð inn til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Hafnarfirði. Þá fyrst hafi gefist tilefni til að mótmæla handhöfn og ætluðum eignarrétti gagnstefnanda á þeim, enda hafi gagnstefnda og Þorbjörn staðið í þeirri trú fram til þess tíma, að bréfin væru í traustum vörslum Fyrirtækjasölunnar Suðurveru.

Staðhæfingu gagnstefnanda um, að vöntun á framsali kröfuhafa á skuldabréfin, sem hér um ræðir, megi skýra á þann hátt, að um misskilning hans sjálfs og kunnáttuleysi firmasalans hafi verið að ræða, verði að virða í því ljósi, að gagnstefnandi og fyrirtækjasalinn, Reynir Þorgrímsson, væru báðir reyndir menn í viðskiptum.

Héraðsdómur Reykjaness hafi ekki dæmt gagnstefnanda vörslumann og eiganda veðskuldabréfanna með úrskurðinum frá 29. apríl 1994. Dómurinn hafi ekki verið bær til þess að skera endanlega úr ágreiningi aðila um

eignarhald að bréfunum. Ef svo hefði verið, væru hvorki dómkröfur í aðalsök né í gagnsök dómtækar í máli þessu sökum res judicata-áhrifa, sbr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Gagnstefnda mótmælir því, að löglíkur séu fyrir því, að gagnstefnandi sé réttur eigandi veðskuldabréfanna, svo og því, að greiðsla hans á þinglýsingargjöldum hafi þar einhverja þýðingu.

Málskostnaðarkrafa gagnstefndu styðst við ákvæði XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 129. og 130. gr. þeirra laga. Þá er einnig vitnað til a- og c-liðar 1. mgr. og 3. mgr. 131. gr. sömu laga í þessu sambandi. Þá gerir gagnstefnda kröfu til þess, að gagnstefnandi verði dæmdur til að greiða gagnstefndu sérstakt álag á málskostnað, sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991, sbr. a- og c-lið 1. mgr. og 3. mgr. sömu greinar.

Niðurstöður.

Í máli þessu hefur komið fram, að aðalstefnandi, Valgerður Sigurðardóttir, og Þorbjörn Eiríksson keyptu sælgætisverslunina Ístorg í Hafnarstræti 18 í Reykjavík af Ístorgi hf. með kaupsamningi, dagsettum 20. febrúar 1993. Þar var um að ræða nafn fyrirtækisins og rekstur ásamt tækjum, áhöldum og innréttingum, en ekki félagið sjálft eða kennitölu þess. Samkvæmt kaupsamningnum var kaupverð 3.200.000 krónur, og hefur það verið greitt að fullu. Vörubirgðir skyldi samkvæmt talningu greiða sérstaklega með víxlum.

Aðalstefndi heldur því fram, að raunverulegt kaupverð hafi verið 5.700.000 krónur, og því hafi hann fengið til viðbótar þeim greiðslum, sem kaupsamningurinn kveður á um, veðskuldabréf þau, sem deilt er um í máli þessu. Með vísan til þess, sem komið hefur fram í málinu, er ósannað gegn andmælum aðalstefnanda, að svo hafi verið. Vitnið Reynir Þorgrímsson hjá fyrirtækjasölnunni, sem annaðist söluna, hefur komið fyrir dóminn og staðfest, að kaupverðið hafi verið réttilega tilgreint í kaupsamningnum. Samið hafi verið um, að fyrirtækjasalan fengi 250.000 krónur í sölulaun, en sölulaunin hafi ekki verið ákveðin út frá kaupverðinu. Lagt hefur verið fram ljósrit af reikningi fyrirtækjasölnunnar, þar sem umrædd sölulaun eru tilgreind, en hann er dagsettur 17. mars 1993. Vitnið upplýsti einnig, að fyrirtækjasölnunni hefði verið falið að geyma veðskuldabréfin, en aðalstefndi fengið þau í hendur fyrir mistök. Aðalstefnandi hefur að vísu viðurkennt, að til hafi staðið, að Ístorg hf. fengi hin umdeildu veðskuldabréf að því tilskildu, að velta fyrirtækisins væri rétt tilgreind. Samkvæmt söluþyrliti, sem aðalstefnanda og Þorbirni var kynnt, áður en kaupin fóru fram, var mán- aðarvelta talin 2.500.000 kr. til 2.600.000 krónur. Af hálfu aðalstefnda er

viðurkennt, að þessar tölur hafi ekki verið réttar, enda hafi þær verið settar á sölufirlitið til að gera reksturinn seljanlegri. Telja verður ósannað gegn andmælum aðalstefnanda, að henni hafi verið kynntar aðrar tölur en þær, sem fram koma í sölufirlitinu. Engin gögn, sem treysta má, hafa verið lögð fram í málinu um þá staðhæfingu aðalstefnda, að kaupverðið hafi ekki verið rétt tilgreint í kaupsamningnum í þeim tilgangi að leyna skattfyrivöld hinu rétta verði. Verður að telja skýringu aðalstefnda á málavöxtum að þessu leyti fráleita. Í kauptilboði Þorbjörns Eiríkssonar frá 1. febrúar sama ár er kaupverð tilgreint 5.800.000 krónur, en eins og fram hefur komið, var kaupverðið 3.200.000 krónur samkvæmt kaupsamningnum. Aðalstefnandi átti ekki aðild að þessu kauptilboði, og verður að telja, að það hafi ekki þýðingu við úrlausn málsins.

Eins og fram kemur á ljósrítum af veðskuldabréfum þeim, sem hér er deilt um, er aðalstefnandi kröfuhafi þeirra skulda, sem þar eru tilgreindar. Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness frá 29. apríl 1994 kveður ekki á um eignarrétt þessara veðskuldabréfa. Verður að telja, að aðalstefnandi hafi sýnt fram á, að hún sé eigandi bréfanna, enda hefur aðalstefndi ekki sýnt fram á annað. Vitnið Reynir Þorgrímsson staðfesti fyrir dómi, að hann hefði talið, er hann gaf yfirlýsingu um, að aðalstefndi væri eigandi veðskuldabréfanna, að um væri að ræða þau veðskuldabréf, sem tilgreind eru í kaupsamningnum frá 20. febrúar 1993 og afhent voru í samræmi við efni samningsins.

Með vísan til þessa ber að taka kröfur aðalstefnanda í málinu til greina. Af því leiðir, að hafna verður kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

Rétt þykir, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda málskostnað í aðalsök og gagnsök, sem þykir hæfilega ákveðinn 450.000 krónur, að viðbættum virðisaukaskatti, eins og krafist er.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Viðurkenndur er eignarréttur aðalstefnanda, Valgerðar Sigurðardóttur, að neðangreindum þremur veðskuldabréfum, út gefnum í Reykjavík 20. febrúar 1993, tryggðum með 10. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni Kvistabergi 25, Hafnarfirði, þinglýstum af sýslumanninum í Hafnarfirði 28. janúar 1994. Kröfuhafi samkvæmt bréfunum er Valgerður Sigurðardóttir og skuldari Þorbjörn Eiríksson. Lánstími er tíu ár og fjöldi afborgana tíu. Lánin bera meðalvexti Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá 1. júlí 1993 að telja, og skuldin

er tryggð miðað við lánskjaravísitölu miðað við grunnvísitölu 3263. Veðskuldabréfin eru eftirgreind:

veðskuldabréf að fjárhæð 1.000.000 kr. með litranúmer B 368/1994,

veðskuldabréf að fjárhæð 1.000.000 kr. með litranúmer B 369/1994,

veðskuldabréf að fjárhæð 500.000 kr. með litranúmer B 370/1994.

Aðalstefnda, Arnari Hannesi Gestssyni, ber að afhenda aðalstefnanda, Valgerði Sigurðardóttur, framangreind veðskuldabréf.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda 450.000 krónur í málskostnað í aðalsök og gagnsök auk virðisaukaskatts.
